# Byggingarbréf
## fyrir jörðunni Kirkjuhóli í Seiluhreppi.

Þorvaldur Arason bóndi á Víðimýri
Geri kunnugt, að ég byggi Helga Guðnasyni bónda á Mælifelsá, eignarjörð mína Kirkjuhól í Seiluhreppi og Skagafjarðarsýslu, sem er 8,5 hdr. að dýrleika með skilmálum þeim, er nú skal greina.

1.

Í leigu eftir þau tvö ásauðar kúgildi, er ég læt fylgja jörðunni, skal hann greiða 4 – fjóra – fjórðunga af hreinu og velverkuðu smjöri hvert haust fyrir Mikaelsmessu, á heimili mínu.

2.

Í landskuld af jörðunni skal hann gjalda á heimili mínu fyrir hvers árs fardaga 6 – sex – sauði veturgamla, gelda og gallalausa.

3.

Hann skal greiða alla þá skatta og skyldur, sem á jörðunni hvíla, eftir lögum þeim, er nú gilda, eða síðar kunna sett að verða, og halda uppi öllum lögskilum af henni landsdrottni kostnaðarlaust að öllu.

4.

Hann skal leggja stund á að rækta vel tún jarðarinnar og vinna upp tún og engjar hennar ár hvert. Allan áburð, sem fellst til, skal hann drýgja sem best, svo nógur áburður sé ávallt til áburðar á túnið.

5.

Hann skal sjálfur halda við innstæðukúgildum þeim fremur, er nú fylgja jörðunni og ábyrgjast þau. Einnig ber honum að halda vel uppi húsum jarðarinnar og bæta þau að viðum

og veggjum eftir þörfum

6.

Þegar leiguliði flytur frá jörðunni, eða andast, skal hann, eður bú hans, skila jörðunni, og öllu því, sem henni fylgir, innstæðum, húsum og öðru í fullgildu standi; eða með álagi fullu eftir mati úttektarmanna.

7.

Hann skal með trúmensku halda undir jörðina því, sem henni fylgja ber með réttu af engjum og beitilandi. Reyni einhver til að ásælast jörðina, eða ganga á réttindum hennar, skal hann tafarlaust gera landsdrottni aðvart.

8.

Hann má ekki byggja öðrum af leigujörð sinni, né taka húsfólk, nema landsdrottinn leyfi. Eigi má hann heldur án leyfis landsdrottins ljá öðrum slægjuland, mótak eða torfristu. Eigi má hann láta burtu hey, sem aflað er á jörðunni nema því aðeins, að hann fái aftur jafngildi heys, eða hann í harðindum láti úti hey eftir áskorun hreppsnefndar. Brjóti leiguliði á móti þessu varðar það útbyggingu og skal hann þaraðauki gjalda skaðabætur eftir mati úttektarmanna.

9.

Með þessum skilmálum er Helga Guðnasyni heimil ábúð á jörðunni Kirkjuhóli í 5 fimm ár en bregði hann útaf þeim í nokkru hefir hann fyrirgert ábúðarrétti sínum. Vilji hann fara (burtu) frá jörðunni áður en ábúðartíminn er á enda, skal hann segja lausu fyrir jól næstu á undan þeim fardögum, er hann ætlar að flytja burtu.

Í þeim atriðum, sem ekki eru greind hér að framan, fer um skyldur og réttindi landsdrottins og leiguliða eins og lög 12. janúar 1884 um bygginu, ábúð og úttekt jarða mæla fyrir.

10.

Af byggingarbréfi þessu eru gerð tvö samhljóða frumrit, og heldur landsdrottinn öðru, en hitt afhendist leiguliða. Þegar Helgi Guðnason fer frá jörðunni skal hann skila aftur byggingarbréfi sínu.

---

Eg undirritaður Helgi Guðnason geng að framanskrifuðum skilmálum, og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Víðimýri 7. janúar 1901

Þorvaldur Arason  Helgi Guðnason

Vitundarvottar:

Byggingarbréf þetta framlengist hérmeð til fardaga 1910 með þeirri breytingu að landskuldin borgist hér eftir með 60 — sextíu — krónum í peningum og á öðru hvoru gjalddaga að skila í næstu fardögum. Að öllu öðru eru skilmálar hinir sömu.

Víðimýri 2. April 1907

Þorvaldur Arason